

Úrskurður 1/2019

A kærði ákvörðun Tollstjóra um tollflokkun tveggja bifreiða af gerðinni ISUZU D MAX í tollskrárnúmer 8704.2138, með skráða koltvísýringslosun á bilinu 201-225 g/km, og beri 55% vörugjald. A krafðist þess að bifreiðarnar yrðu flokkaðar sem grindarbílar sem búið sé að bæta við vöruflutningsrými í tollskrárnúmer 8704.2199, og beri 13% vörugjald.

Niðurstaða

Ákvörðun Tollstjóra dags. 17. desember 2018 um tollflokkun tveggja bifreiða af tegundinni ISUZU D MAX í tollskrárnúmer 8704.2138 var felld úr gildi. Fallist var á kröfu kæranda um að flokka skuli bifreiðarnar í tollskrárnúmer 8704.2199, sem grindarbíla sem búið er að bæta við vöruflutningsrými með 13% vörugjaldi, í samræmi við h-lið 2. tl. 4. gr. vörugjaldslaga nr. 29/1993.